

## KÖNNUN UM AÐGANG FYRIRTÆKJA AÐ FJÁRMAGNI (E. SURVEY ON THE ACCESS TO FINANCE OF ENTERPRISES, SAFE)

Kæri herra / kæra frú,

Rannsóknarfyrirtækið Panteia, sem framkvæmir rannsóknir á sviði stefnumótunar, og sjálfstæða markaðsrannsóknarfyrirtækið, GDCC, sem bæði eru með höfuðstöðvar í Hollandi, sjá um framkvæmd mikilvægrar könnunar fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu og vilja þau bjóða fyrirtækinu þínu að taka þátt.

Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu vilja átta sig betur á þeim málefnum og kringumstæðum, sem smá, meðalstór og stór fyrirtæki, sem ekki eru fjármálafyrirtæki, standa frammi fyrir þegar kemur að aðgengi að fjármagni frá bönkum og öðrum fjármögnunarleiðum. Könnunin er framkvæmd um alla Evrópu og munu svör hennar hjálpa framkvæmdastjórninni við stefnumótun um bætt aðgengi fyrirtækja, eins og þíns, að fjármagni og Seðlabanka Evrópu við gerð peningamálastefnu sinnar.

Það tekur um 15 mínútur að framkvæma viðtölin í síma en þau verða gerð í samræmi við alþjóðakóða ICC/ESOMAR um markaðs- og samfélagsrannsóknir. Það þýðir að farið verður með svörin þín sem algjört trúnaðarmál. Við viljum ræða við þann einstakling, sem bestur er til þess fallinn að ræða um fjármál fyrirtækisins þíns, – ef þú ert ekki sá einstaklingur skaltu láta okkur vita þegar við höfum samband við þig næst í síma. Viðtölin munu fara fram á næstu vikum.

Ef þú getur tekið þátt munum við senda þér samantekt á helstu niðurstöðunum þegar rannsókninni lýkur.

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um verkefnið skaltu hafa samband við Melanie van Schijndel og Niels Bosland hjá GDCC í gegnum [survey.accesstofinance@gdcc.com](mailto:survey.accesstofinance@gdcc.com) eða Małgorzata Osiewicz hjá Seðlabanka Evrópu ([malgorzata.osiewicz@ecb.int](mailto:malgorzata.osiewicz@ecb.int)), og senda með afrit einnig á [survey.accesstofinance@ecb.europa.eu](mailto:survey.accesstofinance@ecb.europa.eu).

Virðingarfyllst,



Ioannis Ganoulis  
Forstöðumaður  
hagbróunar/samræmingar  
Seðlabanka Evrópu



Joanna Drake  
Framkvæmdastjóri stjórnarskrifstofu  
fyrir smá og meðalstór fyrirtæki og  
frumkvöðlastarf  
Stjórnarsvið fyrirtækja og iðnaðarins,  
Framkvæmdastjórn  
Evrópusambandsins